

Nr. 21-106 S 069 Silfurborg SU 22**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 1575
Útgerð: Gullrún ehf.
Smíðaður: Bátalón, 1980, stál.
Stærð: 43,46 BT.
Mesta lengd: 19,95 m Skráð lengd: 18,63 m
Breidd: 5,00 m Dýpt: 2,14 m
Vél: Mitsubishi, 199 kW, 2006.
Fjöldi skipverja: 3



Silfurborg©Gísli Reynisson

Gögn:

Tilkynning til
Sjúkratrygginga
Gögn RNSA

Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. september 2021 var báturinn Silfurborg SU 22 á dragnótveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: SV 2-3 m/s.

Skipverjar voru búnir að taka nótina inn og hreinsa úr henni aflann. Þegar skipverjarnir voru að leggja niður nótina féll ein flotkúlan á henni í höfuðið á einum skipverjanum sem fékk skurð á höfuðið. Siglt var með slasaða í land.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Hinn slasaði var ekki lögskráður á skipið.
- Að sögn skipstjóra voru fyrirmæli hans til áhafnar, um að nota öryggishjálma, ítrekað hundsuð.
- Að sögn slasaða hafði honum í upphafi ráðningar verið bent á öryggishjálma og staðsetningu þeirra en að þeir hafi að jafnaði ekki verið notaðir.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að flotkúla féll í höfuð skipverja sem ekki var með öryggishjálma.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að útgerð og skipstjórar gefi ekki afslátt á notkun persónulegs öryggisbúnaðar sem hefði að líkindum dregið úr alvarleika atviksins.